

Sparisjóður Strandamanna

Árshlutareikningur

1.1. - 30.6.2015



Sparisjóður Strandamanna

Árshlutareikningur

1.1. - 30.6.2015

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og sparisjóðsstjóra	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Eiginfjáryfirlit	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-14

Skýrsla stjórnar

Árshlutareikningur Sparisjóðs Strandamanna fyrir tímabilið 1.1-30.6.2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnanna.

Hagnaður Sparisjóðsins á tímabilinu nam kr. 11.139.149. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir hans kr. 2.725.890.508, bókfært eigið fé í lok tímabilsins er kr. 289.110.436 og er eiginfjárlutfall 10,6%. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki miðast við staðfest eigið fé í ársreikningi 2014 og er 25,5% en má lægst vera 8%. Reiknað eiginfjárlutfall miðað við bókfært eigið fé 30.6.2015 er 24,8%.

Í lok tímabilsins voru stofnfjáraðilar 103 jafnmargir og í upphafi árs og nam útgefið stofnfé Sparisjóðsins kr. 259.693.309 í lok júní 2015. Enginn aðili á yfir 5% eignarhlut.

Aðalfundur hefur samþykkt greiðslu arðs að fjárhæð kr. 12.984.671.- Stjórn vísar að öðru leyti í árshlutareikninginn um ráðstöfun hagnaðar á tímabilinu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Árshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður né áritaður af löggiltum endurskoðanda.

Það er álit stjórnar og Sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Strandamanna að í árshlutareikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Sparisjóðsins í lok tímabilsins, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Sparisjóðs Strandamanna staðfesta hér með árshlutareikning Sparisjóðsins fyrir tímabilið 1.1-30.6.2015 með undirritun sinni.

Hólmavík, 19. ágúst 2015

Í stjórn

Björn Þóðfason
Guðlaugur Guðmundsson
Ólafur Alfur Björnsson
Jenný Jónsdóttir
Sporður Sveinsson

Sparisjóðsstjóri

Eiríkur Þ. Ólafsson

Rekstrarreikningur tímabilsins 1. janúar - 30. júní 2015

	Skýr.	1.1. - 30.6.2015	1.1. - 30.6.2014
Vaxtatekjur		84.560	82.417
Vaxtagjöld		(36.320)	(33.667)
Hreinar vaxtatekjur	3	48.240	48.750
Þjónustutekjur		6.903	8.140
Þjónustugjöld		(1.604)	(3.532)
Hreinar þjónustutekjur		5.299	4.608
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum og fjárskuldum	4	3.705	1.416
Gengismunur		1.506	(30)
Aðrar rekstrartekjur		5.961	5.609
		11.171	6.994
Hreinar rekstrartekjur		64.710	60.352
Laun og launatengd gjöld	5	(16.444)	(17.745)
Annar rekstrarkostnaður		(33.029)	(30.083)
Afskriftir rekstrarfjármuna	11	(239)	(291)
		(49.711)	(48.119)
Framlag í afskriftarreikning útlána	8	(1.000)	(1.000)
Hagnaður fyrir skatta		13.999	11.233
Tekjuskattur	6	(2.860)	(2.250)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	7	0	0
Heildarafkoma		11.139	8.983

Efnahagsreikningur 30. júní 2015

	Skýr.	30.6.2015	31.12.2014
Eignir			
Sjóður og innstæður í fjármálastofnunum		1.489.099	1.508.991
Kröfur á lánastofnanir		191.617	131.642
Útlán og kröfur	8	946.414	891.327
Skuldabréf	9	54.082	53.054
Hlutabréf	9	24.423	24.729
Fastafjármunir til sölu	10	0	6.002
Rekstrarfjármunir	11	6.713	6.951
Aðrar eignir	12	1.484	5.795
Skattinneign	6	12.059	14.919
Eignir samtals		<u>2.725.891</u>	<u>2.643.412</u>
Skuldir			
Almenn innlán	13	2.406.284	2.319.388
Lífeyrisskuldbinding	14	5.970	7.000
Aðrar skuldir	15	24.526	26.068
Skuldir samtals		<u>2.436.780</u>	<u>2.352.456</u>
Eigið fé			
Stofnfé	16	259.693	259.693
Óráðstafað eigið fé		29.417	31.263
Eigið fé samtals		<u>289.110</u>	<u>290.956</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>2.725.891</u>	<u>2.643.412</u>

Eiginfjáryfirlit

	Stofnfé	Annað eigið fé	Samtals eigið fé
Breytingar á eigin fé 1. janúar - 30. júní 2015			
Eigið fé 1. janúar 2015	259.693	31.263	290.956
Úthlutaður arður		(12.985)	(12.985)
Heildarafkoma tímabilsins	0	11.139	11.139
Eigið fé 30.06.2015	259.693	29.417	289.110
Breytingar á eigin fé 2014			
Eigið fé 1. janúar 2014	259.693	10.331	270.024
Greiddur arður		(5.194)	(5.194)
Heildarafkoma ársins	0	26.125	26.125
Eigið fé 31.12.2014	259.693	31.263	290.956
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2014			
Eigið fé 1. janúar 2014	259.693	10.331	270.024
Greiddur arður		(5.194)	(5.194)
Heildarafkoma tímabilsins	0	8.983	8.983
Eigið fé 30.06.2014	259.693	14.120	273.814

Samandregið sjóðstreymisyfirlit tímabilið 1.1. - 30.6.2015

	Skýr.	1.1. - 30.6.2015	1.1. - 30.6.2014
Handbært fé til rekstrar		<u>(18.820)</u>	<u>(60.430)</u>
Lækkun handbærs fjár		(19.850)	(66.744)
Handbært fé í byrjun árs		1.508.991	1.311.613
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>1.489.099</u>	<u>1.244.908</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sparisjóður Strandamanna er skráður með lögheimili á Íslandi. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit yfir eigið fé, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2015 er gerður í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill Sparisjóðsins.

2. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem Sparisjóðurinn beitir í þessum árshlutareikningi eru þær sömu og var beitt við gerð ársreiknings fyrir árið 2014. Árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar upplýsingar sem koma fram í ársreikningi og skal lesa hann í samhengi við ársreikninginn.

2.1 Reikningshaldslegt mat

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur eru endurskoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á yfirstandandi tímabil þegar matið hefur einungis áhrif á það tímabil. Hins vegar er breytingin færð á yfirstandandi tímabil og síðari tímabil ef hún hefur áhrif á þau tímabil.

Í lið 2.2 er fjallað um ákvarðanir sem stjórnendur hafa tekið við beitingu reikningsskilastaðla sem hafa mikil áhrif á ársreikninginn og um mót þar sem veruleg hætta er á að þeim verði breytt mikið á næsta ári.

2.2 Virðisrýrnun útlána

Útlánasafnið er endurskoðað reglulega til að meta virðisrýrnun. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf Sparisjóðurinn að meta hvort sýnileg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðsstreymi ýmist frá einstökum lánnum eða frá safni lána áður en lækkun verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með einkenni tapsáhættu og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði upphæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn á áætluðu tapi og raunverulegu tapi.

3. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld sundurliðast þannig:	1.1. - 30.6.2015	1.1. - 30.6.2014
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....	31.266	28.994
Lán og kröfur.....	44.327	45.538
Aðrar vaxtatekjur.....	8.968	7.885
Vaxtatekjur samtals	84.560	82.417
Innlán frá lánastofnunum.....	36	37
Innlán	36.247	33.213
Önnur vaxtagjöld.....	0	380
Vaxtagjöld samtals	36.320	33.667
Hreinar vaxtatekjur.....	48.240	48.750

Skýringar

4. Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum og fjárskuldum

Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum og fjárskuldum greinast þannig:	1.1. - 30.6.2015	1.1. - 30.6.2014
Matsbreyting á hlutabréfum og skuldabréfum.....	3.705	1.416
Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum og fjárskuldum samtals	3.705	1.416

5. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	1.1. - 30.6.2015	1.1. - 30.6.2014
Laun	14.084	14.489
Launatengd gjöld	2.359	3.256
	16.444	17.745

6. Tekjuskattur

Tekjuskattur hefur verið reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts hjá sparisjóðnum á árinu 2015 þar sem tekjuskattsstofn sjóðsins er neikvæður.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	1.1. - 30.6.2015		1.1. - 30.6.2014	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
(Tap) hagnaður fyrir skatta	13.999		11.233	
Skatthlutfall	2.800	20,0%	2.247	20,0%
Ófrádráttarbær kostnaður	60	0,4%	4	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	2.860	20,4%	2.250	20,0%

Skattur í efnahagsreikningi:

Skattinneign.....	Eignir
	12.059

Breyting skatteignar og skattskuldbindingar á árinu greinist þannig:

	Eignir
Reiknuð skattinneign 1.1.2014.....	21.695
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2014.....	(6.775)
Reiknuð skattinneign 1.1.2015.....	14.919
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins.....	(2.860)
Reiknuð skattinneign 30.6.2015.....	12.059

Yfirfæranlegt tap nýtist á móti skattskyldum hagnaði á næstu 10 árum eftir að það myndast. Yfirfæranlegt tap í lok tímabilsins nam 199 mkr og nýtist til ársloka 2024.

Skýringar

7. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Bankaskattur er ófrádráttarbær skattur sem lagður var á fjármálafyrirtæki fyrst skattaárið 2010. Yfirlýstur tilgangur þessarar skattlagningar er að skapa tekjur fyrir ríkissjóð til þess að mæta auknum kostnaði vegna gjaldþrota íslensku bankanna í október 2008. Ennfremur er honum ætlað að þjóna því hlutverki að draga úr áhættusækni banka. Skatturinn er reiknaður sem 0,0376% af heildarskuldum umfram 50 milljarða. Sparisjóðurinn er því undanþeginn skattinum.

8. Útlán til viðskiptavina

Útlán og kröfur greinast þannig eftir útlánsformum:

	30.6.2015	31.12.2014
Yfirdráttarlán.....	203.366	167.409
Skuldabréf.....	724.334	705.171
Gengistrygð skuldabréf.....	18.714	18.748
	<u>946.414</u>	<u>891.327</u>

Lán og kröfur greinast þannig eftir lántakendum:

	30.6.2015	31.12.2014
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur	235.106	222.128
Iðnaður og byggingarstarfsemi	91.482	86.066
Þjónustustarfsemi	177.332	166.834
Einstaklingar og íbúðabyggingar	442.495	416.299
	<u>946.414</u>	<u>891.327</u>

Breytingar á afskriftareikningi útlána og krafna greinast þannig:

	Sérstakur	Almennur	Samtals 30.6.2015	Samtals 31.12.2014
Afskriftareikningur í ársbyrjun	28.000	27.000	55.000	148.557
Upplausn/framlag virðisrýrnunar útlána á árinu.....		1.000	1.000	(13.566)
Endanlega töpuð útlán og kröfur	(644)		(644)	(79.992)
Afskriftareikningur í lok tímabilsins	<u>27.356</u>	<u>28.000</u>	<u>55.356</u>	<u>55.000</u>

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af

útlánun og veittum ábyrgðum.....	2,5%	2,6%	5,1%	5,5%
----------------------------------	------	------	------	------

9. Fjáreignir

Skuldabréf

	30.6.2015	31.12.2014
Lán og kröfur	54.082	53.054
	<u>54.082</u>	<u>53.054</u>

Skýringar

9. Fjáreignir (frh.)

Hlutabréf

	30.6.2015	31.12.2014
Óskráð hlutabréf.....	24.423	24.729
	<u>24.423</u>	<u>24.729</u>

Hlutabréf sundurliðast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Íslensk verðbréf hf., Akureyri.....	0,2%	338	2.429
Teris, Kópavogi.....	0,7%	3.952	3.952
Reiknistofa bankanna hf., Reykjavík.....	0,1%	125	1.022
Hornsteinar fasteignafélag ehf., Hólmavík.....		3.250	2.240
Skipti hf., Reykjavík.....		3.791	13.078
Stoðir hf., Reykjavík.....		1.432	1.505
Önnur félög.....		0	197
Staða í lok tímabils.....			<u>24.423</u>

10. Fastafjármunir til sölu

Fastafjármunir til sölu greinast þannig:

	30.6.2015	31.12.2014
Fullnustueignir	0	6.002

Fullnustueignir samanstanda af eignum sem Sparisjóðurinn hefur innleyst til fullnustu krafna. Þessar eignir eru í tímabundinni eigu sjóðsins og eru sýndar í efnahagsreikningi eftir að tekið hefur verið tillit til virðisrýrnunar.

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2015:

	Fasteignir og lóðir	Húsbúnaður og skrifstofuáhöld	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	9.155	8.641	17.796
Staða í lok tímabils	9.155	8.641	17.796
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	2.945	7.899	10.844
Afskrift tímabilsins	91	148	239
Staða í lok tímabils	3.036	8.047	11.083
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	6.210	742	6.951
Bókfært verð í lok tímabils	6.119	594	6.713
Afskriftarhlutföll	2%	20%	

12. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:

	30.6.2015	31.12.2014
Önnur heimtar tekjur.....	1.484	5.795

Skýringar

13. Almenn innlán

Innlán skiptast þannig:

	30.6.2015	31.12.2014
Óbundin innlán.....	1.855.347	1.788.838
Bundin innlán.....	550.937	530.550
	<u>2.406.284</u>	<u>2.319.388</u>

14. Lífeyrisskuldbinding

Sparisjóðurinn ber ábyrgð á eftirlaunum eins af fyrrverandi sparisjóðsstjórum. Útreikningur skuldbindingar sparisjóðsins vegna þessa nemur 6 millj. kr. í lok júní 2015.

Breyting skuldbindingarinnar á tímabilinu greinist þannig:

	30.6.2015	31.12.2014
Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs.....	7.000	8.000
Aukning (minnkun) á tímabilinu.....	0	1.046
Greitt út á tímabilinu.....	(1.030)	(2.046)
Lífeyrisskuldbinding í lok tímabilsins.....	<u>5.970</u>	<u>7.000</u>

15. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig:

	30.6.2015	31.12.2014
Ógreidd laun- og launatengd gjöld.....	3.190	4.154
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....	2.475	8.600
Ógreiddur kostnaður og aðrar skuldir.....	5.876	13.313
Ógreiddur arður.....	12.985	0
	<u>24.526</u>	<u>26.068</u>

16. Eigið fé

Eigið fé í lok tímabilsins nemur 289,1 milljónum króna eða um 10,6% af heildareignum Sjóðsins. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki miðast við staðfest eigið fé í ársreikningi 2014 og er 25,5% en má lægst vera 8%. Reiknað eiginfjárlutfall miðað við bókfært eigið fé 30.6.2015 er 24,82%.

Eiginfjárlutfall reiknast þannig	30.6.2015	31.12.2014
Eigið fé samkvæmt ársreikningi.....	289.110	290.956
Skatteign.....	(12.059)	(14.919)
Eiginfjárgrunnur samtals	<u>277.051</u>	<u>276.037</u>
Eiginfjárfrafa vegna útlánaáhættu.....	70.811	68.968
Eiginfjárfrafa vegna markaðsáhættu.....	2.346	1.587
Eiginfjárfrafa vegna rekstraráhættu.....	16.136	16.136
Eiginfjárfrafa samtals	<u>89.293</u>	<u>86.691</u>
Eiginfjárlutfall A+B.....	24,8%	25,5%

Skýringar

17. Upplýsingar um tengda aðila

Sparisjóðurinn hefur skilgreint samband tengdra aðila sem stjórn Sparisjóðsins, sparisjóðsstjóra og forstöðumenn Sparisjóðsins og nánustu fjölskyldu þeirra einstaklinga sem falla þarna undir. Einnig hefur verið skilgreint samband við einingar með umtalsverð ítök hjá stærstu stofnfjáraðilum Sparisjóðsins. Útlán til tengdra aðila í lok júní 2015 námu 7,8 milljónum króna og innlán 66,9 milljónum króna.

18. Utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir á tékkareikninga. Nýttar yfirdráttarheimildir eru færðar í bækur Sparisjóðsins en nýttar heimildir og ábyrgðir greinast þannig.

	30.6.2015	31.12.2014
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	93.416	55.662
Önýttar yfirdráttarheimildir	134.493	112.752
	<u>227.909</u>	<u>168.414</u>

19. Áhættugreining

19.1 Áhættustýring

Tilgangur áhættustýringar er að stýra áhættu Sparisjóðsins með sem skilvirkustum hætti og gera áhættustýringuna sem gagnsæjasta fyrir stjórnendur, allt frá stjórn til þeirra einstöku starfsmanna sem taka ákvörðun sem í er fólgin áhætta. Meginhlutverk áhættustýringar og útlánaeftirlits er því að greina áhættu Sparisjóðsins á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og hafa eftirlit með að viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta séu virt. Skilvirkar aðferðir og aðgerðir við mat á áhættu eru því grundvöllur áhættustýringar Sparisjóðsins. Stjórn Sparisjóðsins ákveður meginstefnur hvað varðar áhættustýringu og setur mörk ásættanlegrar áhættu í daglegum rekstri Sparisjóðsins. Stjórnin setur markmið varðandi áhættustýringu og eftirlit með áhættuþáttum, svo sem útlánaáhættu, lausafjáraáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu.

19.2 Framkvæmd áhættustýringar

Stjórnendur Sparisjóðsins hafa með höndum eftirlit og skýrslugerð varðandi mismunandi tegundir áhættu.

Ákvarðanatáka byggist á skipulagi þar sem stjórn Sparisjóðsins hefur falið aðilum umboð til að gefa út leiðbeiningar og markmið varðandi ásættanlega áhættu og ákveða einstakar stöður út frá stærð og áhættu. Upplýsingar um áhættustöður eru reglulega kynntar fyrir stjórn Sparisjóðsins.

19.3 Eftirlit og stýring lausafjáraáhættu

Lausafjáraáhætta er hætta á tapi vegna þess að ekki er hægt að standa við skuldbindingar þegar þær gjaldfalla. Sparisjóðurinn fylgist með lausafjáraáhættu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Sparisjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirséðum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Sparisjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Þetta felur meðal annars í sér aðgang að lánalínum, yfirdráttarheimildum og fjáreignum sem auðvelt og fljótlegt er að selja, svo sem ríkisvixlum og ríkisskuldabréfum.

Auk þess er fylgst með lausafjáraáhættu með skýrslum um lausafjárahlutfall sem sendar eru reglulega til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Lausafjárahlutfallið sýnir hlutfallið milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra.

Skýringar

19.4 Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir Sparisjóðsins greinast þannig eftir gjalddögum:

30.6.2015	Gjaldkræft 0-3 mán.	4-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóðir og innstæður.....	1.489.099				1.489.099
Kröfur á fjármálafyrirtæki.....	191.617				191.617
Útlán og kröfur	94.042	187.452	290.921	373.999	946.414
Skuldabréf.....	54.082				54.082
Hlutabréf.....	24.423				24.423
	1.853.262	187.452	290.921	373.999	2.705.635
Almenn innlán.....	1.938.298	65.602	0	0	2.406.284
Aðrar skuldir.....	22.050	2.475			24.526
	1.960.349	68.077	0	0	2.430.810
Fjáreignir - fjárskuldir.....	(107.086)	119.375	290.921	373.999	274.825

19.5 Eftirlit og stýring markaðsáætlu

Stefna Sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáætlu í rekstrinum og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem stjórn hefur sett. Markaðsáætlu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiðum.

19.6 Vaxtaáætla

Vaxtaáætla ræðst af mismun á vaxtakjörum innlána eða fjármögnunar annars vegar og útlánsvöxtum lánasafns hins vegar. Starfsemi Sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma og eru endurreiknaðar á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum.

Breytilegir vextir eigna og skulda geta einnig valdið áhættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta, LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Starfsemi áhættustýringar beinist að því að hámarka nettóvaxtatekjur að því tilskildu að markaðsvextir fari saman við stefnu stjórnar og áhættuviðmið.

Heildarfjárhæð útlána sparisjóðsins sem ber fasta vexti nam 71,7 millj kr. í lok júní 2015.

19.7 Verðbólguáætla

Sparisjóðurinn stendur frammi fyrir áhættu vegna verðbólgu á Íslandi þar sem eignir tengdar neysluverðsvísitölu eru meiri en samsvarandi skuldir. Allar eignir og skuldir með verðtryggingarákvæðum eru færðar með áföllnum verðbótum á hverjum tíma og verðbætur færðar í rekstrarreikning.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna sparisjóðsins námu 524,8 millj kr. í lok júní 2015 og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 550,9 millj. kr.

19.8 Gjaldeyrisáætla

Gjaldeyrisáætla er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Stöðugt er fylgst með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt í eignasafni Sparisjóðsins. Sparisjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé sparisjóðsins.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum námu 40,6 millj kr. í lok júní 2015 og heildarfjárhæð skulda í erlendum gjaldmiðlum nam á sama tíma 11,3 millj. kr.

Skýringar

19.9 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta sem stafar af beinu eða óbeinu tapi sem á sér margvíslegar ástæður tengdar þróun rekstrarins, t.d. starfsmannamálum, tækni eða uppbyggingu Sparisjóðsins. Ytri ástæður, aðrar en lána-, markaðs- eða lausafjáraáhætta, geta stafað af lagalegum kröfum eða almennt viðurkenndum verklagsreglum fyrirtækja. Rekstraráhætta stafar af allri starfsemi Sparisjóðsins og snertir allar einingar í rekstrinum. Markmið Sparisjóðsins er að finna jafnvægi milli þess að lágmarka áhættu og tap og hámarka arðsemi án þess að útiloka frumkvæði starfsmanna. Stjórnendur þróa og útfæra reglur fyrir rekstraráhættu innan hverrar einingar í takt við almenn áhættuviðmið Sparisjóðsins.

19.10 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Mótaðilaáhætta fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem afleiðusamningum og markaðsskuldabréfum. Núverandi mótaðilaáhætta endurspeglast í bókfærðu verði þessara eigna í efnahagsreikningi. Sparisjóðurinn er einnig opinn fyrir mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttar yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

Stjórn Sparisjóðsins setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu Sparisjóðsins. Stjórnin hefur eftirlit með lánamálum og ákveður útlánaheimildir sparisjóðsstjóra en stjórn setur mörk heimilda annarra starfsmanna. Stjórnin afgreiðir lánamál umfram heimildir sparisjóðsstjóra. Stjórn og stjórnendur Sparisjóðsins sjá um eftirlit með öllum þáttum útlána, lánveitingum, tryggingum, samsetningu lánasafns og innheimtum.

Útlánasafni Sparisjóðsins er dreift milli skuldara, atvinnugreina og landsvæða. Útlánasafni Sparisjóðsins er stýrt þannig að enginn einn skuldari eða fjárhagslega tengdur hópur skuldara sé með stærra hlutfall útlánasafnsins en áhættureglur segja til um.

Viðskiptavinir teljast tíð stórra áhættuskuldbindinga ef heildarskuldbindingar þeirra eða fjárhagslega- eða stjórnunarlega tengdra aðila er umfram 10% af eigin fé sparisjóðsins, að teknu tilliti til veða sem tryggja lánin, í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja. Samkvæmt ofangreindum reglum má engin áhætta vera meiri en 25% af eigin fé. Í lok júní 2015 var engin aðili með áhættuskuldbindingu umfram framangreint hámark.

20. Samþykki árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 19. ágúst 2015.